




LANDABRÉF



Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigfús Jónsson, Njálgsgötu 73, R.

2. tbl. 2. árg. maí 1980.

FRÁ AÐALFUNDI LANDFRÆDIFÉLAGSINS.

Aðalfundur Landfrædifélagsins var haldinn 21. apríl s.l. Fundarstjóri var kjörinn Ólafur Örn Haraldsson og fundarritari Guðmundur G. Kristjánsson.

Fráfarandi formaður, Eggert Lárusson, flutti skýrslu um starfsemi félagsins undanfarið ár. Kom þar m.a. fram að haldnir voru 6 stjórnarfundir, 7 fyrirlestrarfundir, 2 kynningarfundir, almennum félagsfundur og farin var ein fræðsluferð. Síðari hluta starfsársins fór mestur tími stjórnar í að vinna að þýðingu á danskri kennslubók um landafræði Íslands. Er þýðingunni nú að mestu lokið.

Af fréttabréfi félagsins, Landabréfinu, komu út 4 tbl. á starfsárinu, samtals 48 síður.

Gjaldkeri, Sigríður Hauksdóttir, gerði síðan grein fyrir fjárréiðum félagsins. Tekjur voru samtals 809.405 kr. (þar af félagsgjöld 725.000). Gjöld voru samtals 500.862 kr. (þar af kostnaður við útgáfu og útsendingu fréttabréfa um 290.000 kr.) Tekjur umfram gjöld voru því 308.543 kr. Eignir eru 310.800 kr. en skuldir engar.

Að loknum skýrslum stjórnar um framkvæmdir og fjárréiður voru almennar umræður um starfsemina. Kom þar m.a. fram að fundarmenn voru almennt ánægðir með Landabréfið. Þó mætti vera þar meira af fréttum um hvað landfræðingar séu að sýsla.

Næst fór fram kjör stjórnar. Þeir Bjarni Reynarsson, Ólafur Örn Haraldsson og Ólafur H. Óskarsson úr fyrri stjórn gáfu ekki kost á sér til endurkjörs en ritari, Guðrún Halla, var erlendis. Stungið var upp á Sigfúsi Jónssyni, Sigríði Hauksdóttur, Þorvaldi Bragasyni, Þorbjörgu Kjartansdóttur, Susan Guðjónsson og Halldóri Eiríkssyni. Enginn gaf kost á sér

til formanns. En að lokum tók Eggert Lárusson áskorun fundarmanna um að gegna formennsku áfram. Endurskoðendur voru kjörnir Magnús Pétursson og Ólafur H. Óskarsson og til vara Bjarni Reynarsson og Haraldur Finnsson.

Tvær tillögur komu fram um félagsgjald, 7500 og 8000 kr. og var sú síðari samþykkt. Félagsgjald er því 8000 kr.

Undir liðnum önnur mál var einkum rætt um fyrirhugaða útgáfu tímarits. Eggert Lárusson og Sigfús Jónsson færðu nokkur rök fyrir því að efnisskortur ætti ekki að purfa að standa útgáfu tímarits fyrir þrifum. Þorvaldur Bragason gerði grein fyrir athugun sinni á kostnaði við útgáfu tímarits. Samkvæmt verðskrá er kostnaður við 500 eintök og 48 síður sem hér segir:

	Nokkru minna
A4	en A4
prentun o.fl.	530 000
myndir	100 000
setning	<u>600 000</u>
	<u>1 230 000</u>
	380 000
	100 000
	<u>600 000</u>
	1 080 000

Bjarni Reynarsson sagðist hafa verið svartsýnn á útgáfu tímarits, aðallega vegna kostnaðarins. Varðandi efnisval taldi hann heppilegast að tímaritið yrði sérfræðilegt.

Haraldur Finnsson taldi að stefna bæri að því að efni tímaritsins væri alþýðlegt.

Almennt var álit fundarmanna að hár standard yrði að vera á tímaritinu og að sala tímaritsins ætti að standa undir kostnaði við það. Fundarmenn töldu að þetta sé eitt af aðalmálum félagsins og að stjórnin verði að taka þetta mál til ýtarlegrar umræðu.

Loks lýsti Haraldur Finnsson þeirri skoðun sinni að landfræðingar kynntu það sem peir væru að gera og taldi að þar væri besta kynningin sem landfræðinni hlotnaðist.

Eggert Lárusson tók saman eftir fundargerð.

Hin nýja stjórn hefur skipt með sér verkum þannig:

Eggert Lárusson, formaður, Birkimel 10, s. 19586.

Halldór Eiríksson, varaformaður, Reynimel 84, s. 16479

Sigríður Hauksdóttir, gjaldkeri, Mávahlið 4, s. 20389

Þorbjörg Kjartansdóttir, ritari, Hvassaleiti 37, s. 81337

Susan Guðjónsson, meðstjórnandi, Kirkjuteigi 6, s. 37574

Sigfús Jónsson, meðstjórnandi, Njálsgötu 73, s. 28531

Þorvaldur Bragason, meðstjórnandi, Ljósheimum 22 4E, s. 32913.

Auk hinnar hefðbundnu verkaskiptingar sem að ofan greinir mun Halldór hafa umsjón með fyrirlestrahaldi og ferðalögum, Sigfús mun hafa umsjón með Landabréfinu eins og fyrr, Þorvaldur og Susan munu hafa umsjón með útgáfu tímaritsins með ritnefnd sem verður kjörin sérstaklega. Óskað er eftir fólk til að starfa í ritnefnd, en hún mun sjá um efnisval í tímaritið.